

Sp.

330. Tillaga til þingsályktunar

[155. mál]

um leyfisveitingar til áætlunarflugs.

Flm.: Einar Kr. Guðfinnsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að athuga fyrirkomulag leyfisveitinga til áætlunarflugs. Verði sérstaklega haft í huga hvort unnt sé að fækka sérleyfum, en fjölga almennum leyfum til áætlunarflugs.

Greinargerð.

Flugmálum hér á landi er þannig háttað að leyfi yfirvalda þarf til hvers konar flugrekstrar. Í meginatriðum eru leyfi þessi með tvennum hætti:

- 1) Leyfi til leiguflugs.
- 2) Almenn áætlunarflug eða sérleyfi á flugleiðum.

Eins og flestum mun kunnugt hafa fjölmargir aðilar hér á landi leyfi til leiguflugs. Mun færri hafa hins vegar með höndum áætlunarflug í einhverri mynd.

Að sjálfsögðu þurfa allar flugvélar að uppfylla viss skilyrði um öryggi og tæknibúnað. Skv. lögum nr. 146 frá 1967 er loftfar því einungis lofthæft að það uppfylli öryggiskröfur hvað varðar smíði, útbúnað og viðhald. Sé leyfi veitt til áætlunarflugs, hvort sem um er að ræða sérleyfi eða ekki, aukast kröfur um tæknibúnað.

Á undanförunum árum hefur verið greinileg tilhneiging í þá átt að veita fremur sérleyfi til flugs milli ákveðinna staða en til almenns áætlanaflungs. Er nú svo komið að mun fleiri áætlanaleiðir hér á landi eru bundnar sérleyfum en almennum leyfum um áætlanafflug.

Fimm félög hafa nú sérleyfi til flugs á tilteknum flugleiðum hér á landi:

- 1) Flugleiðir hf.
- 2) Flugfélag Norðurlands hf., Akureyri.
- 3) Flugfélag Austurlands hf.
- 4) Ernir hf. á Ísafirði.
- 5) Arnarflug hf.

Rétt er og skylt að minna á að talsverðar skyldur fylgja sérleyfi til áætlanaflungs. Nefna má að félögum, er hlotið hafa sérleyfi, ber skylda til að halda uppi reglubundnu flugi skv. áætlun. Flugáætlanir verður að leggja inn til samgönguráðuneytis tvisvar á ári. Við þessa áætlun ber félögunum að standa, en geta einungis vikið frá henni með leyfi ráðuneytisins.

Ástæða er til að minna á hvert öryggisatriði það er fyrir hinar dreifðu byggðir að flugsamgöngur séu reglulegar. Í því sambandi er ljóst að sérleyfi leggja handhöfum þess skyldur á herðar, er auka þetta öryggi.

Hinu má þó ekki líta fram hjá, að svo virðist sem flug til margra hinna stærri staða sé vel samkeppnishæft. Í ljósi þessa virðist vel mega athuga hvort ekki sé hægt að afnema sérleyfi á samkeppnishæfum flugleiðum, en taka heldur upp almenn leyfi til áætlanaflungs.